

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012, Sultartangalína 3, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að svæði sem merkt er „skipulagi frestað“ norðan Sultartangalínu 1 frá Hvítá í austri og norður fyrir Lambahraun verður skilgreint sem óbyggt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýrri 400 kV háspennulínu (Sultartangalínu 3). Einnig er staðsetning þjóðminjaverndarsvæðis ofan við Gullfoss (eyðibýlið Tungusel) lagfærð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*